

***BORGARRÁÐ 11. apríl 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna upplýsingagjöf til borgarbúa um réttindi þeirra - R19040142***

Tillaga um fjölbreyttar leiðir til að upplýsa borgarbúa um réttindi þeirra þar með talið útgáfa upplýsingabæklinga: Það er staðreynd að ekki tekst að upplýsa allar borgarbúa sem eiga tilkall til sértækra réttinda um réttindi þeirra. Það er skylda borgarmeirihlutans að láta einskis ófreistað til að koma upplýsingum til þessa hóps með eins fjölbreyttum hætti og mögulegt er. Leiðir sem hægt er að fara er að hringja í fólk, senda tölvuskeyti, auglýsa, heimsækja fólk eða senda bréfaþóst. Með hverju ári sem líður er borgin að vera æ meira bákni og flækjustig fjölmargra ferla hefur aukist. Nú glittir vissulega í einhverja einföldun á einhverju af þessu og er það gott. Flokkur fólksins leggur til að borgarmeirihlutinn ráðist í að gefa út heildstæðan upplýsingabækling um réttindi borgarbúa á þjónustu sem borgin veitir. Mikilvægt er að réttur þeirra sem þurfa að nýta sér þjónustu borgarinnar sé skýr og afdráttarlaus og að upplýsingar um helstu réttindi séu öllum aðgengilegar.